




Grettir




Smáfólk



Kalvin & Hobbes



Bubbi og Billi



Morgunblaðið

Dagbók

Í dag er mánudagur 14. mars, 73. dagur ársins 2005

Þar sem vér því fáum ríki, sem ekki getur bifast, skulum vér þakka það og þjóna Guði, svo sem honum þóknast, með lotningu og ótta. (Hebr. 12, 28.)



Morgunblaðið/Árni Torfason

Kafað í myndasögurnar

Hafnarhús | Fjöldi fólks lagði leið sína í Listasafn Reykjavíkur á laugardag þegar myndasögumessan Nían var opnuð en þar er til sýnis mikið úrval teiknimyndasagna og farið vítt yfir svið þessarar níundu listgreinar.

Þessi ungi myndasöguunnandi týndi sér yfir áhugaverðum römmum þar sem finna má hina ýmsu leyndardóma og vangaveltur um mannlegt eðli, goðsagnir og lífið í sjálfu sér.

Víkverji skrifar... | *vikverji@mbl.is*

Umræðan í fjölmiðlunum er oft ákaflega einhæf. Ákveðin viðhorf í dægurmálum eru þar í tísku í mislangan tíma eins og dægurlögin, sum í nokkra daga en önnur vikum eða jafnvel mánuðum saman.

Fjölmiðlafólk hefur stundum gerst sekt um fordóma í garð araba, en þeir hafa fengið svo öfluga verjendur í fjölmiðlum að nú virðist það vera í tísku að réttlæta allt sem miður fer í arabalöndum. Nú er svo komið að halda mætti að langflest arabalandanna væru orðin jarðnesk paradís fyrir konur. Íslenskir sérfræðingar í málefnum araba hamra t.a.m. á því að konur og karlar fái sömu laun fyrir sömu vinnu í flestum löndum araba einfaldlega vegna þess að sett hafi verið lög sem banni launamisrétti. Hvar eru málsvarar arabískra kvenna sem eru alls ekki sáttar við sinn hlut?

Hvers vegna er ekki bent á staðreyndir á borð við þá að þátttaka kvenna í stjórnmálum og atvinnulífinu er hvergi minni en í löndum araba? Aðeins 6,5% þingmanna í þessum löndum eru konur og 46,5% arabískra kvenna eru ólæs. Er það val þeirra sjálfra?


x x x

Sérfræðingarnir verja arabíska einræðisherra og tala fullir vandlætingar um að það sé fásinna að breiða út „vestrænt lýðræði“. Þeir vilja að við virðum þá „hefð“ að einræðisherrarnir fái að stjórna löndum sínum eins lengi og þeir vilja sjálfir.

Hvar eru málsvarar araba sem sætta sig ekki við einræðið?

Sérfræðingarnir ganga svo langt að verja Saddam Hussein, lofsama hann fyrir að setja falleg jafnréttislög og leyfa konum að sitja á þingi til að staðfesta allar ákvarðanir hans. Stjórn Saddams samdi fögur lög, en samt myrti hún saklausa Íraka, konur og karla. Þrátt fyrir allar þingkonurnar, sem heilluðu sérfræðingana, man Víkverji ekki eftir neinni konu í forystusveit Saddams nema Doktor Sýkli!

Ást er...



... að finnast þið hafa verið saman í fyrra lífi.

MORGUNBLAÐIÐ, Kringlunni 1, 103 Reykjavík. SÍMAR: Skiptiborð: 569 1100. Auglýsingar: 569 1111. Áskriftir: 569 1122. SÍMBRÉF: Ritstjórn: 569 1329, fréttir 569 1181, íþróttir 569 1156, sérblöð 569 1222, auglýsingar 569 1110, skrifstofa 568 1811, gjaldkeri 569 1115. NETFANG: RITSTJ@MBL.IS, / Áskriftargjald 2.400 kr. á mánuði innanlands. Í lausasölu 220 kr. eintakið mánudaga til laugardaga. Sunnudaga 350 kr.